

## Ferill

Rannsóknir og þróunarstarf á sviði umhverfismála og stefnumótunar. Helstu áhugasvið eru jarðvegsvernd, endurheimt vistkerfa, jarðvegsrof, sjálfbærni, loftslagsbreytingar, jarðefnafræði, eldfjallafræði, þanþol og nýting vistkerfa og náttúrulegra lausna við að draga úr áhættu af völdum náttúruhamfara.

Experience and education is primarily in the field of geosciences. Interests include various fields of environmental science and policy: Soil Conservation, Revegetation and Land Restoration, Erosion, Sustainability, Climate Change, Geochemistry, Volcanology, Resilience and Ecosystem approach to Disaster Risk reduction.

Ph.D í jarðvísindum við The Pennsylvania State University í ágúst 1998 undir leiðsögn Dr. Richard B. Alley. Ritgerðin fjallaði um orsakir jökulskeiða (Yngra Dryas og annað kuldatímabil fyrir um 8200 árum) og afleiðingar þeirra. Verkefnið var m.a. unnið með hnattrænu veðurfarslíkani og samanburði ýmissa veðurfarsgagna.

M.Sc í jarðvísindum við The Pennsylvania State University í ágúst 1993 undir leiðsögn Dr. Susan L. Brantley. Fjallaði ritgerðin um útstreymi hita- og lofttegunda frá eldstöðinni í Grímsvötnum, Vatnajökli á fjögurra áratuga tímabili.

B.S í jarðfræði frá Háskóla Íslands árið 1989 og 4. árs verkefni í jarðefnafræði við Háskóla Íslands árið 1990. Fjallaði ritgerðin um efnafræði jökulárvatns í Öræfum, m.a. landfræðilegan breytileika jökulárvatns, breytingu á efnainnihaldi eftir tíma og dægursveiflu efnainnihalds.